

## Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV)

*fyrir hönd*

*Áss, Dalbæjar, Eirar, Grundar, Hamra, Hornbrekku, HNLFI, Hrafnistu Hafnarfirði, Hrafnistu Hlévangi, Hrafnistu Kópavogi, Hrafnistu Nesvöllum, Hrafnistu Reykjavík, Krabbameinsfélags Íslands, Kumbaravogs/Fells, Lundar, Markar, SÁÁ, Sjálfsbjargar, Skjólts, Sóltúns, Skógarbæjar og Vigdísarholts*

*annars vegar*

og

*Félag sjúkrahjálfa, Félagsráðgjafafélag Íslands, Iðjuhjálfafélag Íslands, Sálfræðingafélag Íslands og Þroskahjálfafélag Íslands*

*hins vegar*

gera með sér svofellt

### S A M K O M U L A G

#### um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila.

#### 1.gr.

##### Gildistími

Gildandi kjarasamningar á milli aðila framlengjast frá 1. febrúar 2014 til 28. febrúar 2015 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

#### 2.gr.

##### Launatafla

Frá 1. febrúar 2014 hækka laun og launataxtar skv. grein 1.1.1 í samræmi við nýja launatöflu sjá fylgiskjal 1.

#### 3.gr.

##### Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014 kr. 73.600.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014 kr. 39.500.

*[Handwritten signature]*

*[Handwritten initials: GTH, UK, BI, UP]*

**4.gr.**

**Vinnusókn og ferðir**

Þær stofnanir sem staðsettar eru a.m.k. 1,5 km utan ytri marka næsta þéttbýlis skulu í stofnanasamningi semja um greiðslur ferðakostnaður fyrir þá starfsmenn sem ekki búa á staðnum.


**5.gr.**

**Atkvæðagreiðsla**

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar, ásamt bókunum og fylgiskjöllum. Hafí gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 18. september, skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 4. september 2014

F.h. Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu,  
með fyrirvara um samþykki stjórnar SFV



F.h. Félags sjúkraþjálfara



f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands




f.h. Iðjuþjálfafélags Íslands



f.h. Sálfræðingafélags Íslands



f.h. Þroskaþjálfafélags Íslands



## **Bókanir með kjarasamningi SFV og aðildarfélaga BHM**

**dags. 4. september 2014**

### **Bókun 1**

Aðilar eru sammála um að unnið verði að gerð kafla um réttindi og skyldur félagsmanna BHM í starfi hjá stofnunum innan SFV. Vinna við gerð kaflans skal hefjast 1. október 2014 og vera lokið eigi síðar en 28. febrúar 2015.

### **Bókun 2**

Aðilar eru sammála um að frá og með 1. júlí 2014 greiði launagreiðandi sérstakt iðgjald sem nemur 0,1% af heildarlaunum til BHM. Fjármunum þeim skal varið til hagfræðilegrar greiningar, fræðslu til trúnaðarmanna og námskeiðshalds í þágu félagsmanna aðildarfélaga BHM.

### **Bókun 3**

Aðilar eru sammála um að bókun 2 úr kjarasamningi aðila undirrituðum 24. október 2011, haldi gildi sínu út samningstímann.

### **Bókun 4**

#### **Fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónusta og vinnuvernd**

Markmiðið er að brugðist sé við veikindum með fyrirsjáanlegum hætti og að starfsmanni sem veikist bjóðist úrræði sem fyrst.

Aðilar eru sammála um að stuðla að auknum sveigjanleika á vinnumarkaði til að tryggja að einstaklingar sem veikjast eða slasast og eru í virkri starfsendurhæfingu hafi möguleika á að koma til baka í samræmi við vinnugetu sína á hverjum tíma.

Ljóst er að þessu markmiði verður aðeins náð ef gagnkvæmt traust ríkir milli atvinnurekenda og starfsmanna um fyrirkomulag við tilkynningu veikinda, endurkomu starfsmanna úr veikindum, fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu í stofnunum o.s.frv.

Samningsaðilar munu sérstaklega taka mið af vinnu á vegum VIRK í tengslum við ofangreint.

Bókun þessi kemur í stað bókunar 3 í kjarasamningi aðila frá 2011.

### **Bókun 5**

Aðilar eru sammála um að bókun 4 úr kjarasamningi aðila undirrituðum 24. október 2011, haldi gildi sínu út samningstímann.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature on the left and several smaller ones on the right, some with a superscript '3'.

Handwritten signatures and initials in blue ink at the bottom left corner.

## Bókun 6

Aðilar eru sammála um að fylgjast með vinnu stýrihóps sem skipaður er fulltrúum BHM, ríkis og félags forstöðumanna um skoðun á stofnanasamningumhverfinu sbr. bókun 2 í kjarasamningi aðildarfélaga BHM við fjármálaráðherra dags. 28. maí 2014 sem og niðurstöðum samráðsnefnda aðildarfélaga BHM og ríkisins í aðdraganda næsta kjarasamnings og taki afstöðu til niðurstaðna þessarar vinnu við næstu kjarasamningagerð. Jafnframt verði fylgst með vinnu ríkisins og aðildarfélaga BHM sbr. bókun 3 í kjarasamningi um fræðslu með það að markmiði að efla fræðslu fyrir trúnaðarmenn, stéttarfélög og stofnanir um stofnanasamninga.

## Bókun 7

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu leggja áherslu á mikilvægi þess að stefnt verði að sameiginlegum stofnanasamningi milli SFV og aðildarfélaga BHM.

## Bókun 8

Núgildandi stofnanasamningar þeirra aðila sem samningurinn nær til taka breytingum hvað varðar forsendur röðunar sem hér segir:

Grunnröðun félagsmanna, hækkar um 1 launaflokk miðað við gildandi stofnanasamninga. Hækkun þessi gildir frá 1. febrúar 2014 eða frá ráðningardegi, sé hann síðar.

Þar sem ekki eru stofnanasamningar skal grunnröðun félagsmanna einnig hækka um 1 launaflokk frá 1. febrúar 2014 eða frá ráðningardegi, sé hann síðar.

Hafi grunnröðun félagsmanna þegar verið hækkuð um 1 launaflokk á árinu 2013 eða síðar, í samræmi við jafnlaunaáttak ríkisstjórnarinnar, þá á ofangreind bókun ekki við.

Við gerð nýrra stofnanasamninga verði horft til þess kostnaðarauka sem þessi bókun felur í sér.

*[Handwritten signature]*

BI ONK GG  
4  
GAF UP

Fylgiskjal 1 Launatafla

Gildir frá 1.2.2014									
Lfl.	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	269.455	275.922	282.389	288.856	295.323	301.790	308.257	314.724	321.191
02	282.389	289.166	295.944	302.721	309.498	316.276	323.053	329.830	336.608
03	295.944	303.046	310.149	317.252	324.354	331.457	338.560	345.662	352.765
04	310.149	317.592	325.036	332.480	339.923	347.367	354.811	362.254	369.698
05	325.036	332.837	340.638	348.439	356.240	364.041	371.841	379.642	387.443
06	340.638	348.813	356.989	365.164	373.339	381.515	389.690	397.865	406.040
07	356.989	365.556	374.124	382.692	391.260	399.827	408.395	416.963	425.530
08	374.124	383.103	392.082	401.061	410.040	419.019	427.998	436.977	445.956
09	392.082	401.492	410.902	420.312	429.722	439.132	448.542	457.952	467.362
10	410.902	420.763	430.625	440.487	450.349	460.210	470.072	479.933	489.795
11	430.625	440.960	451.295	461.630	471.965	482.300	492.635	502.970	513.305
12	451.295	462.126	472.957	483.789	494.620	505.451	516.282	527.113	537.944
13	472.957	484.308	495.659	507.010	518.361	529.712	541.063	552.414	563.765
14	495.659	507.555	519.451	531.347	543.243	555.138	567.034	578.930	590.826
15	519.451	531.918	544.385	556.851	569.318	581.785	594.252	606.719	619.186
16	544.385	557.450	570.515	583.580	596.646	609.711	622.776	635.841	648.907
17	570.515	584.207	597.900	611.592	625.285	638.977	652.669	666.362	680.054
18	597.900	612.249	626.599	640.949	655.298	669.648	683.997	698.347	712.697
19	626.599	641.637	656.676	671.714	686.753	701.791	716.829	731.868	746.906
20	656.676	672.436	688.196	703.956	719.717	735.477	751.237	766.997	782.758
21	688.196	704.713	721.230	737.746	754.263	770.780	787.297	803.813	820.330
22	721.230	738.539	755.849	773.158	790.468	807.777	825.087	842.396	859.706

KSQ

B1 MC geg  
EAP<sup>5</sup> MP

**Breyting á grein 8.1.5 í kjarasamningi Félags sjúkraþjálfara við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu**

Aðilar eru sammála um að grein 8.1.5 í samningi Félags sjúkraþjálfara við SFV þar sem fjallað er um einkennisföt og hlífðarfatnað breytist með eftirfarandi hætti:

8.1.5 Er: Sjúkraþjálfarar skulu fá nauðsynleg vinnuföt og þvott á þeim sér að kostnaðarlausu.

Verður: Sjúkraþjálfarar skulu fá nauðsynleg vinnuföt sem hæfa þeirra starfi og verkefnum. Þvottur á vinnufatnaði skal vera þeim að kostnaðarlausu.

F.h. Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

með fyrirvara um samþykki  
stjórnar þess  
Mistellur  
Kjartan Sigurðsson  
Lucc

F.h. Félags sjúkraþjálfara

Alfreður Þórhallsson